

## Reglur um takmarkanir við flugumferð um Selfossflugvöll

### Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um takmarkanir við flugumferð um Selfossflugvöll

#### **1. gr.**

Næturtakmarkanir: Á milli 23:00 og 07:00 eru flugtök og landingar bannaðar. Heimilt er að víkja frá þessu í neyðartilvikum og skal það skráð sérstaklega.

#### **2. gr.**

Takmarkanir á snertilendingum: Snertilendingar eru einungis leyfðar virka daga frá 07:00 til 18:00.

#### **3. gr.**

Reglur þessar eru settar skv. 9. gr. reglugerðar um hávaða nr. 933/1999, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 478/2003 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarráði Árborgar 15. nóvember 2007.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri.